

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnúmer</u>
1	Hrafn Jökulsson f.h. Hróksins	Skákhátíð í Nuuk	22.4.2017	1.500.000	Já	1.500.000	R17040158
2							
3							
4							



Til borgarráðs Reykjavíkur

Frá Skákkfélaginu Hróknum

22/04/2017

Skákkfélagið Hrókurinn þakkar Reykjavíkurborg gott og farsælt samstarf um árabíl. Nú í haust byrjar 20. starfsár Hróksins og verður af því tilefni efnt til fjölda viðburða undir kjörorðum Hróksins: Við erum ein fjölskylda.

Hrókurinn hefur mörg undanfarin ár, með stuðningi Reykjavíkurborgar, staðið fyrir skákhátíð í Nuuk, höfuðborg Grænlands og vinaborg Reykjavíkur. Næsta hátíð verður um mánaðamótin maí / júní og verður dagskráin fjölbreytt og viðamikil og ýmsir góðir gestir í föruneyti Hróksins. Efnt verður til skákviðburða í Nuuk Center, skólar heimsóttir, sem og athvörf fyrir börn sem ekki geta dvalið hjá fjölskyldum sínum, fangelsið, athvarf fyrir fólk með geðraskanir o.fl.

Meginmarkmið Hróksins frá því að skákländnámið á Grænlandi hófst 2003 hafa í senn verið að útbreiða hina göfugu skáklit og efla samskipti og vináttu grannþjóðanna á sem flestum sviðum. Árið 2016 sendi Hrókurinn 8 leiðangra til Grænlands, og sendi auk þess mikið af vönduðum og góðum fötum, m.a. í samvinnu við þróunahópa Gerðubergs og Rauða krossins í Reykjavík.

Samhliða kraftmiklu starfi á Grænlandi heldur Hrókurinn sínu striki á íslenska heimavellinum. Við höfum heimsótt Barnaspítala Hringsins flesta fimmtudaga síðan 2003 og eru heimsóknirnar orðnar um 500. Þá vinnum við ötulllega að því að efla Vinaskákkfélagið, sem hefur aðsetur í Vin, Bata- og fræðslusetri Rauða krossins. Skákin hefur reynst frábært verkfæri til að rjúfa félagslega einangrun og virkja einstaklinga til þátttöku í uppbyggilegu félagsstarfi.

Á afmælisárinu mun Hrókurinn auk þess heimsækja alla grunnskóla í Reykjavík og bjóða upp á ókeypis fjöltefli. Við munum einnig heimsækja dvalarheimili aldraðra í höfuðborginni, geðdeildir og athvörf. Samhliða þessu verður efnt til fjölmargra viðburða fyrir áhugamenn á öllum aldri.

Hrókurinn reiðir sig sem fyrr á stuðning og samvinnu við Reykjavíkurborg og sækir um 1,5 milljón kr. vegna Skákhátíðar í Nuuk 2017 og annarra verkefna Hróksins.

Með kærri kveðju,

Hrafn Jökulsson

Forseti Hróksins

hrafnjokuls@hotmail.com

Ránargötu 14

101 Reykjavík
